

## 94. Þingflokksfundur, 25. febrúar 2015 kl. 13.15

Fundinn sitja: Birgitta, Alla, Halldóra og Svavar.

Berglind Rósa ritar fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 18. febrúar samþykkt.

### 2. Brífs

- Birgitta bar upp ESB málið á þingflokksformannafundi til að minna á að ef slíkt mál kæmi inn á þing myndi það verða til ófriðar innan þings sem utan og því brýnt að fá svör um það hvort að það sé á leið inn á þing á næstunni, myndi væntanlega riðla öllum þingstörfum.
- Á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar var ársskýrsla umboðsmanns Alþingis 2013 rædd með umboðsmanni og var fundurinn í beinni útsendingu. Starfshópur um þörfina á eftirliti með starfsemi lögreglunnar mun ekki ná að skila álitum fyrir 1. mars eins og áætlað var. Það þarf að ýta á eftir starfshópnum að skila álitum sínu.
- Halldóra brífaði af allsherjarnefndarfundi. Á fundinn komu lögreglustjórar og samtök fjármálafyrirtækja. Rætt var um þörfina á óháðu eftirliti með starfsemi lögreglunnar og þátt héraðssaksóknara í að styrkja rannsóknir á efnahagsbrotum. The Financial Action Task Force, sem Ísland er aðili að, telur að það valdsvið sem ætlað er til embættis héraðssaksóknara sé ekki nógu stórt skref. Þetta þarf að skoða betur.

### 3. Dagskrá vikunnar

- Birgitta fer á fund í allsherjar- og menntamálanefnd. Þar verður viðstödd hin þverpólítíska þingmannanefnd um endurskoðun útlendingalaga. Góðir hlutir eru að gerast í málefnum hælisleitenda í þingmannanefndinni.
- Skýrslur alþjóðanefnda verða ræddar á morgun.
- Þingskapanefnd mun hittast vikulega í hádeginu á þriðjudögum.
- Framtíð gagnageymdarfrumvarpsins verður ákveðin í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í næstu viku.

### 4. Dagskráin í dag

Halldóra tekur til máls í störfum þingsins og mælir fyrir 185. máli um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun).

Birgitta fer í síðdegisútvarpið ásamt Brynjari Níelssyni þar sem rædd verða málefni lögreglunnar.

### 5. Staða þingmála

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd tekur upp frumvarp um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra. Frumvarpið bíður umsagnaferlis.

### 6. Málfundur í Versló um áfengismálið

Helgi er beðinn um að fara á fundinn.

**7. Fundir með ASÍ og SA, og ÖBÍ**

Alla og Berglind finna fundatíma, helst í næstu viku.

**8. Önnur**

Næsti þingflokksfundur: Ræða um þingskarpanefnd og starfstíma ritara.

Fundi slitið kl. 14.00